

3 ár, sem þeir fást við lækningar, þangað til hann er orðinn 800 rd. á ári; og megi þá gjöra læknum þeim, sem þessi styrkur er veittur, að skyldu að takast á hendur um tiltekið svið störf þau, sem hvíla á héraðslæknunum, ef þeir eru því samþykkir, og fái þeir þá sömu borgun fyrir þau störf, og héraðslæknunum eru veitt;

1867.
31. maí.

- 2) að undir eins og að minnsta kosti einn útlærður læknir hefir sett að á þenna hátt í hverju af hinum þrem ömtum landsins, til þess að fást við lækningar, þá fái læknasjóðurinn borgað úr jafnaðarsjóðum amtanna 200 rd. tillag það úr hverjum jafnaðarsjóði, sem ákveðið er í konungsúrskurði 12. ágústmánaðar 1848; og
- 3) að úr læknasjóðnum skuli veitt 200 rd. tillag á ári í tvö ár til þess að kaupa fyrir bækur og áhöld, er landlæknirinn á Íslandi geti haft við læknakennsluna, með því skilyrði að hann ábyrgist að skila þeim í góðu ástandi, þegar þar að kemur; en að öðru leyti eigi lærisveinarnir sjálfir að sjá sér fyrir bókum þeim, sem þeir þurfa með.

Þetta birtist hér með öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

23. Auglýsing Dómsmálastjórnarinnar, um stjórn og afnot eptirleisís á nokkrum af jörðum þeim á Íslandi, sem lagðar eru til guðspakka, og nefndar eru „kristfjárjarðir“.

3. júní.

Útaf bænarskrá alþingis 1859¹ um betri stjórn og afnot jarða þeirra á Íslandi, sem lagðar eru til guðspakka og nefndar eru kristfjárjarðir, hefir Hans hátign konunginum þóknast, samkvæmt uppástungu dómsmálastjórnarinnar 31. f. m., allramildilegast að úrskurða:

að þessar kristfjárjarðir:

1. Ketilsstaðir í Jökulsárhlíð með hjáleigunum Eyjaseli og Bakkagerði;

¹) Smbr. Tiðindi frá alþingi 1859, 924.—926. bls.

1867.

3. júní.

2. Fossvellir í Jökulsárhlíð;
3. Kóreksstaðir með hjáleigunum Kóreksstaðagerði og Hjalla;
4. Búlandsnes með hjáleigunum Bjargarrétt og Borgargerði; og
5. Keldunúpur á Síðu

skuli við leigulíðaskipti byggjast eins og aðrar jarðir fyrir ákveðið afgang, er renni í sveitarsjóð þann, sem í hlut á; en að ómagahaldið, sem á þeim hefir hvílt, skuli með öllu aftekið, og að umsjón og byggingarráð greindra kristfjárjarða skuli falið á hendur hlutaðeigandi sveitarstjórn undir yfirsýslu sýslumanns og amtmanns.

Þetta birtist hér með öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

3. júní.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1865 og 1866.

Með bréfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi, eitt exemplar af hverju almennu lagaböð m. m., sem út hefir komið í Danmörku á árunum 1865 og 1866, svo að alþingi gefist tækifæri til á næsta fundi að íhuga, hvort við eigi að löggilda nokkurt af lagaböðum þessum á Íslandi. Jafnframt og þess skal getið um lög 14. aprílmán. 1865, um að útlendum skipum skuli gefinn kostur á að vera höfð til vöruflutninga innanlands, um hin almennu borgaralegu hegningarlög 10. febrúarmán. 1866 og um lög 16. s. m. um afplánun sekta utan sakamála, að þegar er búið að gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að samsvarendi lagafrumvörp verði lögð fyrir alþingi, eins og yður er kunnugt, herra stiptamtmaður, skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórninni ekki finnst fyrir sitt leyti vera ástæða til, að minnsta kosti nú sem stendur, að leggja